



Bæjarsjóður Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 GARÐABÆ

Selfoss, 28. júní 2016
Tilvísun: 2016010005
SGB/

Efni: Svar úthlutun úr styrkvegaskjóði

Beiðni yðar, dags. þann 14. apríl, um fjárveitingu árið 2016 hefur verið tekið til umfjöllunar.

Ákveðið hefur verið að úthluta kr. 1.700.000,- til Hlíðarvegar í Heiðmörk.

Að loknum framkvæmdum, sendi styrkþegi Vegagerðinni upplýsingar (skriflega) um hvað hafi verið framkvæmt og framvísi afritum af reikningum, ásamt upplýsingum um banka, reikningsnúmer og kennitölu.

Styrkurinn verður greiddur eftir að fulltrúar styrkþega og Vegagerðarinnar hafa tekið út framkvæmdir og undirritað meðfylgjandi þar til gert eyðublað. Vakin er athygli á ákvæðum eyðublaðsins svo og úrdrætti úr vegalögum sem þar er einnig að finna.

Einnig skal styrkþegi hafa samband við fulltrúa Vegagerðarinnar, Svan Bjarnason vegna úttektar að framkvæmdum loknum.

Styrkurinn verður afgreiddur á svæðisskrifstofunni Selfossi.

Vakin er athygli á að ráðstöfun styrks þarf að fara fram á því ári sem hann er veittur.

Virðingarfyllst,


Svanur G Bjarnason
Svæðisstjóri Suðursvæðis



**Styrkur til samgönguleiða
samkvæmt 25. gr. vegalaga nr. 80/2007**

Vegagerðin hefur samþykkt að veita styrk til vegagerðar af liðnum Styrkvegir í vegáætlun
2016 til verkefnisins

Hlíðarvegur í Heiðmörk

að upphæð kr . 1.700.000.-

Styrkþegi er Bæjarsjóður Garðabæjar
nafn

570169-6109
kennitala

Styrkurinn er veittur samkvæmt heimild í 25 gr. vegalaga nr. 80/2007 og telst styrkþegi því veghaldari vegarins samkvæmt IV. kafla laganna og hvíla á honum skyldur í samræmi við það. Styrkþega er skylt að heimila öðrum hagsmunaaðilum umferð um veginn.

Athygli styrkþega er vakin á því að um nýja vegi og breytingar á eldri vegum gilda skipulagslög og lög um mat á umhverfisáhrifum. Afla þarf framkvæmdaleyfis viðkomandi sveitarstjórna(r) og verður það að liggja fyrir áður en styrkur er greiddur.

Styrkur fellur niður sé hann ekki greiddur á því ári sem hann er veittur.

Staður og dagsetning

nafn:

f.h.styrkþega

kennitala:

nafn:

Svanur Björnsson

f. h. v.

kennitala:

040365-5679

Úrdráttur úr vegalögum nr. 80/2007

3. gr.

Orðskýringar

5. *Veghald*: Forræði yfir vegi og vegsvæði, þ.m.t. vegagerð, þjónusta og viðhald vega.

6. *Veghaldari*: Sá aðili sem hefur veghald vegar.

12. gr.

Almennt

Veghaldari ber ábyrgð á veghaldi vegar. Við veghaldið skal gæta umferðaröryggis og að umferð eigi greiða og góða leið um vegi að teknu tilliti til umhverfis-, náttúru- og minjaverndar í samræmi við kröfur sem leiðir af gildandi lögum á hverjum tíma.

25. gr.

Styrkir til samgönguleiða

Í vegáætlun er heimilt að ákveða fjárveitingu til að styrkja tiltekna samgönguleiðir sem ekki falla undir skilgreiningar vega samkvæmt lögum þessum.

Heimilt er að binda styrkveitingu samkvæmt þessari grein skilyrði um afnot vegar og merkingu hans.

Umsókn um styrk skal beint til Vegagerðarinnar sem gerir tillögu til ráðherra um styrkveitingu til umsækjanda.

Engar skyldur hvíla á ríkissjóði vegna samgönguleiða samkvæmt þessari grein.

Ráðherra setur nánari reglur um hvaða samgönguleiðir skulu styrktar samkvæmt ákvæði þessu og um framkvæmd styrkveitinga.